Úti í Hamborg

Texti: Jón Sigurðsson

Lag: Jón Sigurðsson

Manstu kvöldin okkar út í Hamborg,
og ævintýrin mörgu út í Hamborg
Þar gerðist ýmislegt sem einginn veit um
og aldrei skulum neinum segja frá

Þú eltir allar stelpur út í Hamborg
o, ho ekki varstu betri út í Hamborg
Er lagleg hnáta leyndist þar á kvöldin,
já lífið var sem dans á rósum þá.

Við dönsuðum og sungum þar til dagur risinn var
og kreistum fast og kysstum allar kátustu stelpurnar.

Já, ég vild' ég væri ennþá út í Hamborg
ég ennþá er með hugann út í Hamborg
En kjaftaður bara ekki upp úr svefni
því enginn okkar syndir vita má.

Ljótt var er þú lentir inn í steininn
o, þeir lokuðu mig þar inn árast beinin.
Hvern fjárann varstu að fara inn um gluggann
ha, nú, ég fór að hitta kvenmann svei mér þá

En því gast' ekki gengið inn um dyrnar
o, sú gamla var sem hundur, bál og þyrnar.
En dóttirin var dásamleg það sver ég
og dúnmjúk hvar sem tók ég henni á.

Já en löggan sá á eftir mér og óðar komin var
mér ekkert þýddi að segja, því þeir skyldu mig ekki þar

Já, ég vild' ég væri ennþá út í Hamborg
ég ennþá er með hugann út í Hamborg
En kjaftaður bara ekki upp úr svefni
því enginn okkar syndir vita má.

En þegar þú varst eftir varð ég hissa
já, - mér orðið hefur á mörg verri skyssa.
Því betri nætur enginn Íslendingur
sér átti nokkurn tím' í þýskri höfn

Ég skil ekki ég skyldi koma aftur
o, ja, sko þú varst orðinn bölvaður fylleraftur

En segðu mér, með hverri varst’ að (uss hættu)
ég held sko kjafti núna um öll nöfn

Mér fannst það hlyti að vera eitthvað undarlegt við það
nú ef þú ert með stæla, skal ég spæla þig í spað. (O, svona).

Ég vild’ ég væri ennþá út í Hamborg
ég ennþá er með hugann út í Hamborg
Já en kjaftaður bara ekki upp úr svefni
því enginn okkar syndir vita má,
því enginn okkar syndir vita má.

(„Nei, sérðu þessa, mikið gasalega er hún hugguleg“
„ég á eftir henni“, „nhei, góði, ég sá hana fyrst“.)

Höfundaskráning: https://www.allmusic.com/song/%EF%BF%BDti-%C3%AD-hamborg-mt0060744501

Textaheimild: varðveitt söngtextaskjal úr safni Ragga Bjarna. Höfundar halda réttindum sínum.